

Sumarhúsasvæði á Arnarstapa

Skipulags og byggingarskilmálar:

Skipulag sumarhúsasvæðis nær til 19 sumarhúsalóða í landi Arnarstapa, sunnan við Arnarbraut. Um er að ræða samfellda spilldu, 5.2 ha. með skiptum lóðum, leiksvæði og opnu svæði til sameiginlegra nota. Aðkomuvegur er frá Arnarbraut, sem nær að hverri lóð. Stærð lóða er um og yfir 2000 fermetrar.

Á skipulagsupprætti, dags. í maí 1987 eru mörk svæðisins sýnd, sömuleiðis aðkomuvegur, leiksvæði, opið svæði og lóðarmörk. Byggingareitir húsa eru sýndir á lóðum. Heimilt er að hnika staðsetningu húsa frá byggingarreit um allt að 5 m. Þó skal fjarlægð húsa frá lóðarmörkum aldrei vera meiri en 14 m., nema fram komi á upprætti. Byggingarlína miðað við götu, skal haldast óbreytt.

Frágangur lóða: Sumarhúsaeygendum ber að valda sem minnstri röskun á náttúrlegu umhverfi húsa sinna, innan lóðar, sem utan. Séð skal fyrir þrem bifreiðastæðum á hverri lóð, sem næst vegi. Trjárækt er heimil og mælt með birki, víði og öðrum lauftrjám. Barrtré eru óæskileg af umhverfisástæðum.

Um einstök sumarhús:

Umsókn um byggingarleyfi er m.a. háð ákvæðum gildandi byggingar laga og byggingarreglugerðar um sumarhús.

Hús skulu að jafnaði ekki vera stærri en 50 fermetrar að grunnfleti, ætluð til skammtímadvalar. Önnur notkun á húsum og lóð samrýmist ekki skilmálum þessum, t.d. heilsársnotkun, bátauppsátur, veiðafæragæmsla, osfrv. Önnur hús á lóð eru ekki leyfð.

Ytra byrði húsa skal vera úr timbri eða málm. Þakhalli skal vera milli 25 og 45 gráður. Þó skal hæð í mænisás aldrei fara yfir 6 metra frá jörðu.

Litur húsa, þ.e. klæðningar og þaks, skal falla vel að umhverfinu. Fordast skal skæra liti, en mælt með brúnleitum og dökkgrænum litum, þótt gluggakarmar og hurðir megi skera sig úr með ljósari litum.

Frágangur skólplagna og vatnslagna skal háður fyrirmælum heilbrigðisfulltrúa og byggingarfulltrúa. Sama gildir um rotþrær. Um rafmagn gilda reglur Rafmagnseftirlits ríkisins.

Maí 1987, byggingarnefnd Breiðuvíkurhrepps, hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps.